

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2024, þriðjudaginn 19. mars var haldinn 298. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:10. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir, Sunna Jóhannsdóttir og Einar S Hálfðánarson. Einnig tók sæti á fundinum Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi.

Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um reikningsskil A og B hluta og flokkun félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar. IER240300021

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd lagði fram fyrirspurn til fjármála- og áhættustýringarsviðs þann 5. júní 2023 vegna erindis innviðaráðuneytis dags. 7. mars 2023 þar sem vakin er athygli á breytingu reglugerðar nr. 1212/2015 er tók gildi þann 1. mars 2021 og taka átti tillit til við gerð ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2022. Ekki hefur enn borist svar frá fjármála- og áhættustýringarsviði við fyrirspurn nefndarinnar og er hér með óskað eftir svörum eigi síðar en 22. mars nk.

2. Fram fer umræða um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar 2023. IER240200028

Frestað.

3. Fram fer umræða um viðhorfskönnun vegna endurskoðunarnefndar. IER240300024

Ákveðið að senda út nýja viðhorfskönnun.

### Fundi slitið kl. 11:48

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir  
Einar S Hálfðánarson

Sunna Jóhannsdóttir